

Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. mars 2023

EFNI: BREYTING Á KRÖFUGERÐ Í MÁLUM 1-8/2021

Vísað er til bréfs, dags. 24. janúar sl., þar sem tilkynnt var um breytingar á kröfugerð í málum 1-8/2021. Í bréfinu láðist að gera grein fyrir breytingu á kröfugerð í máli 3.

Með vísan til fundargerðar 5. fyrirtöku í málum 1-3/2021, 4. október 2022 er gerð eftirfarandi breyting á kröfugerð í máli 3 á kröfusvæðinu *Klukkulandsfjall, Heiðarhorn, Veturlandafjall, Lágfjall, Þverfell, Klúkuheiði, Brekkufjall, Tafla, Hrafnaskálarnúpur, Lambaskál, Hörðudalshorn, Vatnahvílfarhorn, Torfhorn, Miðmundarfjall, Kaldbakur og Flatfjall*.

Í breytttri kröfugerð miðar íslenska ríkið við að punktur 5 samkvæmt kröfutexta sé óbreyttur en kröfugerðin taki eftirfarandi breytingu:

„Þaðan eftir fjallsbrún Hrafnaskálarnúps (6). Þaðan eftir fjallsbrún ofan við miðja Lambaskál (7)“. Að öðru leyti er kröfugerð íslenska ríkisins á kröfusvæðinu óbreytt.

Kröfugerð

Með ofangreindri breytingu, auk þeirra sem gerð var grein fyrir þann 24. janúar sl., eru uppfærðir kröfutextar eftirfarandi:

Mál 2

Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall:

Upphafspunktur vestasti punktur Skjaldar í fjallsbrún ofan við Djúpadalspolla (1). Þaðan í fjallsbrúnir sem ráða áfram fram Lokinhamradal í landamerki Haukadals á fjallsbrúnum Þverfjalls (2). Þaðan eftir fjallsbrúnum í Hálfánargjá

sem ræður merkjum Arnarnúps og Hrauns í Keldudal (3). Þaðan eftir fjallsbrúnum í upphafspunkt.

Mál 3

Klukkulandsfjall, Heiðarhorn, Veturlandafjall, Lágfjall, Þverfell, Klúkuheiði, Brekkufjall, Tafla, Hrafnskálarnúpur, Lambaskál, Hörðudalshorn, Vatnahviltarhorn, Torfhorn, Miðmundarfjall, Kaldbakur og Flatfjall:

Upphafspunktur er í fjallsbrún þar sem Kýrá í Vatnadal rennur af fjalli og ræður merkjum Mýra og Garðs-Meiri (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir Svartahorns og Klukkulandsfjalls í Klukkulandskorn (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir þar sem Geldingadalsá rennur af fjalli og ræður merkjum Klukkulands og Núps (3). Þaðan eftir fjallsbrúnum um Hrútskál, Grjótadal, Þverfell, Klúkuheiði og þangað sem Þverá í Brekkudal rennur af fjalli, og ræður merkjum Háls og Brekku (4). Þaðan eftir fjallsbrún í Merkisgil (Merkishrygg) sem ræður merkjum Brekku og Villingadals (5). Þaðan eftir fjallsbrún Hrafnaskálarnúps (6). Þaðan eftir fjallsbrún ofan við miðja Lambaskál (7). Þaðan ráða fjallsbrúnir við Mosdal inn Hörðal, Vatnahvilft, Þverfell og í Torfhorn í Valþjófsdal (8). Þaðan ráða fjallsbrúnir Valþjófsdals í Tunguhorn (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir Tungudals og í Torfhorn í Hjarðardal (10). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Miðhorn og þaðan eftir fjallsbrúnum Kaldbaks í Galtardal (11). Þaðan ráða fjallsbrúnir Skáldagrímsfjalls, Rjúpna- og Folaldahvilftar í upphafspunkt.

Mál 5

Fjalllendi vestan Glámu:

Með breytingu á kröfugerð íslenska ríkisins, dags. 24. Janúar 2023, var fallist á að landamerkjabréf Borgar fæli í sér hringlýsingu á merkjum jarðarinnar. Samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar ræður upptök Hofsár merkjum að norðanverðu. Að sunnanverðu eru landamerkin "bein sjónhending úr Meðalnestá á fjall upp, þaðan eftir meðalnesfjalli og austur í Glámufjallgarð að upptökum Hofsár alt eftir þar, sem vötnum hallar til Borgarlands." Að mati íslenska ríkisins felst í landamerkjabréfi Borgar að jörðin á ekki land að Sjónfríð eins og felst í kröfugerð landeiganda enda er Sjónfríð a.m.k. 1,5 km norðan við upptaka Hofsár, auk þess sem að greina má greinileg vantaskil á kortum austan við upptök Hofsár sem liggja að vantaskilalínu/sveitafélagamörkum.

Upphafspunktur er á vatnaskilum á sveitafélagamörkum sunnan Sjónfríðar (1). Þaðan eftir gili í upptök Hofsár og þaðan eftir miðlínu Hofsár og í hnitsettan punkt (x-hnit 313210,58 y-hnit 596684,60) (2). Þaðan bein sjónhending til fjalls og þaðan eftir fjallsbrúnum út með Arnarfirði að efribrún Grjóteyrargils sem skilur

á milli Rauðstaða og Hjallkárseyrar (3). Þaðan eftir fjallsbrún í strandberg utan til í Hlaðshrygg-gjótu í fjallsbrún og þaðan ráða fjallsbrúnir Stórahjalla til Snjódalsgljúfra sem ræður merkjum milli Hjallkárseyrar og Gljúfurár (4). Þaðan eftir fjallsbrúnum Gljúfurárdals og að upptökum Þorbjarnarár sem ræður merkjum Gljúfurár og Karlsstaða (5). Þaðan eftir fjallsbrúnum að upptökum Sandeyrargils á Breiðhillu sem ræður landamerkjum milli Karlsstaða og Hrafnseyrar (6). Þaðan eftir fjallsbrúnum sem leið liggur að Breiðhyllu, fyrir Ánarmúla og svo sem leið liggur um Djúpadal, eftir brúnum Selmýrarfjalls, inn með Haugsdal ofan við Fossabrekku, eftir brúnum Grænuhlíðar að Grjótskál og loks eftir klettabrúnum um Heiðarenni og þaðan eftir fjallbrúnum í punkt nr. 4 samkvæmt kröfulýsingu landeiganda Auðkúlu sem ræður merkjum Auðkúlu og Hrafnseyrar skv. Landamerkjadómi frá 13. Júlí 1924 (7). Þaðan í beinni línu í fjallsbrún við Prestagil og áfram eftir fjallsbrúnum að vestanverðu Hvammsfjalli og eftir klettabrúnum að Brekkuhvilft og loks Brekkuhorns til norðurs og svo til suðurs með austur hlíð Hvammsfjalls og að botni Hvammsdals og eftir því sem fjallsbrúnir ráða að Þríhnúkafjalli og svo eftir fjallsbrúnum Ausudals sem leið liggur í innra Ausuhorn sem ræður landamerkjum Hvamms og Ketileyrar (8). Þaðan ráða fjallsbrúnir Ketilseyrardals að hæstu fjallsbrún Töflu sem ræður merkjum milli Ketilseyrar og Kjaransstaða (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir Kjaransstaðadals í innri gjánna á Kjaransstaðahorninu, sem ræður merkjum Kjaransstaða og Dranga (10). Þaðan ráða fjallsbrúnir að upptökum Botnsár sem ræður landamerkjum Dranga og Botns (11). Þaðan í beint í sveitarfélagamörk Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps og eftir þeim í upphafspunkt.

Til skýringar á kröfugerð íslenska ríkisins þá er miðað við að upphafspunktur sé á vantaskilum/sveitarfélagamörkum austan við upptök Hófsár. Þaðan liggur kröfulínan eftir gili til vesturs og í upptök árinna, sem liggur á milli punkta 7 og 8 í kröfugerð landeigenda (blá stjarna milli punkta 7 og 8 samkvæmt skýrslu Veðurstofu Íslands). Þaðan liggur kröfulínan eftir miðlínu árinna og í punkt 2.

Stóri Kambur

Upphafspunktur er á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Reykhólahrepps og Súðavíkurrepps í 866m hæð sunnan við Glámu (1). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum Ísafjarðar og Súðavíkurrepps í punkt í 918m hæð við Sjónfríð (2). Þaðan eftir línu eftir því sem vötnum hallar í Valahnjúk (3). Þaðan í beinni línu í landamerkjavörðu á fjallsbrún ofan við Ytri-Krosshrygg, sem ræður merkjum Eyrar og Kleifar (4). Þaðan sjónhending í ármót Hundsár og Rjúkanda (5). Þaðan eftir miðlínu Rjúkanda til fjalls að Rjúkandavatni sem ræður mörkum Borgar (6). Þaðan sjónhending í austur í vatnaskil að mörkum Botns í Mjóafirði (7). Þaðan eftir línu því sem vötnum hallar að Botni í Mjóafirði og í upphafspunkt.

Kleifarkot og almenningar í Ísafirði:

Upphafspunktur er í ós Gervidalsár sem ræður merkjum Gervidals (1). Þaðan eftir miðlínu Gervidalsár fram á Burstaldabrekkur og þaðan í beinni línu eins og vötnum hallar að Gervidal að sveitarfélagamörkum Strandabyggðar og Reykhólahrepps (2). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum Strandabyggðar og Reykhólahrepps í punkt á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Reykhólahrepps og Súðavíkurhrepps í 866m hæð sunnan við Glámu (3). Þaðan í línu eftir hæstu brúnum eftir því sem vötnum hallar að Bessárdal og að Hvannagljúfragili (4). Þaðan eftir vatnaskilum efst í Hesteyrarkleif (5). Þaðan eftir Hesteyrarkleif og í Ísafjarðará sem ræður landamerkjum Eyrar (6). Þaðan eftir miðlínu Ísafjarðarár að ósi, þaðan afmarkar sjór svæðið í upphafspunkt.

Mál 7*Dalsheiði, Snæfjallaheiði, Jökuldalir og Drangajökull:*

Upphafspunktur er í upptökum Unaðsdalsár (Dalsár) sem ræður merkjum Bæjar og Unaðsdals (1). Þaðan eftir beinni línu í upptök Mýrarár sem ræður merkjum Unaðsdals og Tyrðilmýrar (2). Þaðan í beinni línu í landamerkjalæk innan til við Skeljavíkurkleif sem ræður merkjum Tyrðilmýrar og Æðeyjar (3). Þaðan í fjallsbrún í Innra Skarði og eftir fjallsbrúnum Innra Skarðs og Eyjahlíðar að Rjóðralæk sem ræður merkjum Æðeyjar og Skarðs (4). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Ytra Skarð, þaðan fylgir línan fjallsbrúnum Ytra Skarðs og þaðan í Bjartalæk sem ræður merkjum Skarðs og Sandeyrar (5). Þaðan í fjallsbrúnir og eftir þeim í upptök Berjadalsár sem ræður merkjum Sandeyrar og Snæfjalla (6). Þaðan eftir fjallsbrúnum þar sem lækurinn Mígandi rennur á milli Álku og Stofu sem ræður merkjum Snæfjalla og Ness (7). Þaðan eftir fjallsbrúnum og sjónhendingu í upptök Kumlár sem ræður merkjum Ness og Sútarabúða (8). Þaðan sjónhending frá upptökum Kumlár í fjallsbrún og þaðan eftir fjallsbrúnum í Hádegishorn sem ræður merkjum Faxastaða og Oddsstaða (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Skál sem ræður merkjum milli Oddsstaða og Sútarabúða (10). Þaðan ráða fjallsbrúnir í fremri hyrnu Miðdals (11). Þaðan sjónhending í upptök Staðarár við Lambavötn sem ræður merkjum Staðar og Faxastaða ásamt Oddsflöt (12). Þaðan sjónhending áfram í fjallsbrún Lambavatnahlíðar (13). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Hildarhaug á Seljafjalli sem ræður merkjum Staðar og Kollsár (14). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Hrafnabjargarfossi og þaðan sjónhending í fossinn sem ræður merkjum Kollsár og Höfðastrandar (15). Þaðan sjónhending í fjallsbrún og þaðan ráða fjallsbrúnir Hrafnabjarga og áfram í upptök Deildarár, sem ræður merkjum Höfðastrandar og Höfða, (16). Þaðan bein lína í efsta foss Fossdalsár sem ræður merkjum Höfða og Dynjanda (17). Þaðan sjónhending í fjallsbrún Sauðhyrnu og þaðan eftir

fjallsbrúnum Múladals, Gæsafells og Dynjandisdals í Skógarlæk ytri sem rennur úr gili á fjallinu sem ræður merkjum Dynjanda Öldugilslandi/Leiru (18). Þaðan eftir miðlínu Skógarlækjar til sjávar og afmarkar sjór í miðja Jökulá í Leirufirði og þaðan eftir miðlínu jökulárinnar að jökulrönd Drangajökuls, miðað við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga, nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna, og eftir jökulröndinni í punkt sem er í u.þ.b. 500m hæð (19). Þaðan ráða fjallsbrúnir Leirufjalls í punkt í fjallsbrún sem er í sjónhendingu frá Vegalæk sem ræður merkjum Leiru og Kjósar (20). Þaðan eftir fjallsbrúnum á ystu klettabrún ofan Hrafnahnjúka, Bæjardals, Skipseyrardals, um Jökuldali og að og með landamerkjum Furufjarðar í jökulrönd Drangajökuls, miðað við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga, nr. 58/1998 við Nónfjall, og eftir jökulrönd inn á hæstu hryggi austanvert fjarðarins og til sjávar í klettinn Könnu sem ræður merkjum Furu- og Þaralátursfjarðar (21). Þaðan afmarkast kröfusvæðið af sjó að Biskup neðan Geirólfsgnúps og þaðan eftir sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar og Árneshrepps í jökulrönd Drangajökuls, miðað við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga, nr. 58/1998 að sveitafélagsmörkum Strandabyggðar, Ísafjarðarbæjar og Árneshrepps við Hrolleifsborg (22). Þaðan yfir Drangajökul eftir sveitarfélagamörkum Strandabyggðar og Ísafjarðarbæjar að jökulrönd Drangajökuls, miðað við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga, nr. 58/1998 í landi Lónseyrar (23). Þaðan áfram eftir jökulrönd, eins og hún var 1. júlí 1998, að merkjum Bæja og Lónseyrar þar sem vötnum hallar norður af fjallgarðinum, eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi Bæja á Snæfjallaströnd frá 1891, og eftir þeim í upphafspunkt í upptökum Unaðsdalsár (Dalsár).

Mál 8

Höfn og Horn:

Vegna breytinga á kröfugerð um Þjóðlendur í jörðina Horn í Hornvík varð kröfusvæðið *Höfn og Horn* að tveimur aðskildum kröfusvæðum. Af hálfu íslenska ríkisins er nú krafist að landsvæði sem nefnt er *Höfn* sé Þjóðlenda innan eftirfarandi Þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í 200m hæð í háfjallagarði sem ræður merkjum Rekavíkur bak Höfn og Hafnar (1). Þaðan eftir línu í 200m hæð eftir Torfdal, Kýrdal að Skipakletti (2). Þaðan til fjalls og eftir hæstu fjallsbrúnum Dögunarfells, Kýrdals og Torfdals og í upphafspunkt sbr. landamerki Steigar og Þjóðlendukröfulínu Álfstaða, Kvía og Steigar og við Almenna Eystri.

Af hálfu Íslenska ríkisins er þess nú að landsvæði sem nefnt er Horn sé Þjóðlenda innan eftirfarandi Þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á bjargbrún í 100 m hæð við Horn (1). Þaðan til beint til sjávar og ræður sjór mörkum í punkt fyrir neðan Almenningsskarð (2). Þaðan sjónhending beint í bjargbrún og eftir bjargbrúninni í upphafspunkt.

Virðingarfyllst,

f.h. Landslaga



F.h. Ívars Pálssonar lögmanns

Sigurgeir Valsson lögmaður